

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/67
komudagur 8. 11. 2001

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 8. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um fjarskipti, 145. mál, jöfnunargjald, heimtaugar.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/307
komudagur 30.11.2001

Reykjavík, 28. nóvember 2001.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bréfsími 563 0430

**Efni: Greinargerð vegna breytinga á lögum um fjarskipti, 145. mál,
jöfnunargjald, heimtaugar.**

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis dags. 19. október 2001 varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Íslandssíma hf.

1. Jöfnunargjald.

Það er almennt skoðun Íslandssíma hf. að ekki sé eðlilegt að beyta jöfnunargjöldum til að færa til fjármuni landsmanna. Allur kostnaður í fjarskiptanetinu á að byggjast á raunkostnaði og neytandi á að greiða þann kostnað sem hlýst af því að þjónusta hann. Öll jöfnunargjöld eru til þess fallin að skekkja kostnaðarvitund almennings.

Sú fyrirætlan að ákveða gjaldið ótímabundið er til þess fallin að umræða um slikt jöfnunargjald hætti, sem Íslandssími telur óæskilegt.

2. Koparlínur.

20. grein fjarskiptalaga er nokkuð óljóst orðuð og hefur skapað tilefni til ágreinings um túlkun. Í tillögu frumvarpsins er kveðið skýrar á um skyldur Landssímans varðandi heimtaugarleigu. Íslandssími getur því ekki annað en tekið undir þær tillögur sem þar koma fram og telur þær til bóta.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Íslandsíma hf.

Ágúst Sindri Karlsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 127/25
komudagur 6.11.2001

Dagsetning
02.11.2001

Tilvísun
001/253/01

Samgöngunefnd Alþingis,
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara,
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti

Vísað er til bréfs yðar, dags. 19. október 2001, þar sem óskað var umsagnar um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að gjaldstofn vegna jöfnunarsjóðs í alþjónustu verði ákveðinn í almennum fjarskiptalögum í stað sérlaga og hins vegar að skuldbindingar um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði leiddar í fjarskiptalöggjöfina.

Landssími Íslands hf. telur bæði atriði frumvarpsins nauðsynleg og eðlileg, en um leið ekki fela í sér grundvallar efnisbreytingar frá fyrri framkvæmd.

Hvað varðar gjaldstofn fyrir alþjónustu, sbr. 1. gr. frumvarpsins, lítur fyrirtækið svo á, að hér sé um lagatæknilegt atriði að ræða, sem ekki kalli á frekari athugasemdir.

Varðandi aðgang að heimtaug og tengdri aðstöðu, sbr. 2. gr. frumvarpsins, telur Landssíminn ákvæðið vera nauðsynlegt til að hrinda EB reglugerð nr. 2887/2000, um opinn aðgang að heimtaugum, í íslenskan rétt. Ekki eru efni til að gera athugasemdir við aðferð innleiðingarinnar. Rétt er að taka fram, að Landssíminn telur frumvarpið ekki kalla á umtalsverðar breytingar frá þeirri framkvæmd sem ríkt hefur allt frá því að verklagsferill um heimtaugarleigu var samþykktur þann 2. janúar 2001 og sátt hefur ríkt um.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.



Páll Ásgrímsson, hdl.

Afrit: Samgönguráðuneyti

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is



Alþingi - Samgöngunefnd
Hr. Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

2001100119

211

30. október 2001

Málefni: Frumvarp til laga um fjarskipti, 145. mál.

Vísað er til bréfs yðar dags. 19. október 2001 þar sem óskað er eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um 145. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti. Um er að ræða breytingar á 15. og 20. greinum laganna.

1. Lögð er til breyting á 3. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti í þeim tilgangi að festa álagningarhlutfall jöfnunargjalds í alþjónustu. Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um fjarskipti skal ákveða jöfnunargjald árlega með lögum. Framkvæmdin hefur í samræmi við reglugerð um alþjónustu verið á þann veg að aðilar sækja fyrir 15. október ár hvert um framlög úr jöfnunarsjóði. Stofnunin reiknar síðan út álagningarhlutfall fyrir jöfnunargjald sem leggja skal á fjarskiptafyrirtæki til þess að afla fjár fyrir framlögunum. Hlutfallið er breytilegt eftir upphæð samþykktra umsókna og áætlaðri veltu fjarskiptafyrirtækja sem jöfnunargjaldið er lagt á. Það kemur síðan í ljós ári seinna, eftir að reikningar fjarskiptafyrirtækja hafa verið lagðir fram, hvort áætlunin hafi verið rétt og innheimt jöfnunargjald og framlag greitt til umsækjenda hafi staðist á. Að auki má búast við vanefndum á greiðslu jöfnunargjalda.

Af framansögðu leiðir að álagningarhlutfall getur hæglega tekið breytingum milli ára. Þau tvö ár sem Póst- og fjarskiptastofnun hafa borist umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu hefur hlutfallið verið 0,18 og 0,12%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutfallið verði fest og nemi 0,12%. Hlutfallið á að endurskoðast árlega af Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að ákvæðið beri að túlka á þann hátt að stofnunin skuli endurskoða álagningarhlutfallið árlega og reynist nauðsynlegt að mati hennar að breyta hlutfallinu vegna annars tveggja, hærra upphæð beiðna um fjárframlög eða breyttrar veltu fjarskiptafyrirtækja, skuli tillaga um breytt hlutfall lögð fyrir Alþingi. Það er mögulegt að þessi breyting á lögum leiði til þess að Alþingi þurfi ekki að fjalla um álagningarhlutfallið á hverju ári.



2. Lögð er til breyting á 20. gr. laga um fjarskipti í þá veru að færa í íslenska löggjöf helstu efnisatriði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um opinn aðgang að heimtaugum. Að auki er samgönguráðherra gert að setja reglugerð sem innleiðir fyrrnefnda reglugerð að fullu. Breyting þessi felur í sér hertar kröfur frá gildandi lögum um aðgang nýrra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði að heimtaugum í notendakerfi fyrrverandi einkaréttarhafa. Með reglugerðinni eru Póst- og fjarskiptastofnun veitt úrræði til þess að framfylgja því að heimtaugar verði leigðar á eðlilegum gjöldum. Víða erlendis er talið að heimtaugaleiga sé mikilvægur þáttur í að koma á aukinni samkeppni í fjarskiptaþjónustu því að lagning nýrra notendakerfa er flestum nýjum fjarskiptafyrirtækjum ofviða ef þau eiga að keppa við fyrrverandi einkaréttarhafa um hylli neytenda.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að gildandi lagaákvæði gangi alls ekki nógu langt til þess að tilgangi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins verði náð og mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Guðstav Arnar

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. P/27/568
komudagur 2. 1. 2002



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi - Samgöngunefnd
Ágúst Geir Ágústsson
150 REYKJAVÍK

2001120089

212

20. desember 2001

Málefni: Viðmiðunartilboð fyrir samtengingaþjónustu.

Í nefndaráli frá samgöngunefnd um 145. mál 127. löggjafarþings 2001-2002 segir að nefndin mælist til þess að vinna við gerð reglna um efni samtengingar og viðmiðunartilboðs skuli flýtt eftir því sem hægt er. Póst- og fjarskiptastofnun telur þess vegna rétt að upplýsa að drög að reglum um viðmiðunartilboð voru í dag send fjarskiptafyrtækjum til umsagnar og er frestur veittur til 14. janúar 2002 að gefa umsögn.

Regludrögin sendast yður hér með til fróðleiks.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Arnar

DRÖG AÐ REGLUM UM VIÐMIÐUNARTILBOÐ

Á SAMTENGINU.

1. gr.

Viðmiðunartilboð.

Viðmiðunartilboð er tilboð sem fjarskiptafyrirtæki, hér eftir nefnt tilboðsgjafi, birtir og inniheldur lýsingu og verð á sundurliðuðum möguleikum þess til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim hlutum neta og þáttum þjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að fjarskiptafyrirtæki geti tengt net sín og þjónustu við net og þjónustu tilboðsgjafans.

2. gr.

Skylda til að birta viðmiðunartilboð.

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðar markaðshlutdeildar á þessum sviðum skulu birta viðmiðunartilboð um samtengingu í samræmi við reglur þessar. Viðmiðunartilboð sem og allar breytingar á þeim skulu tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun áður en þau taka gildi. Gildandi viðmiðunartilboð skal liggja frammi til afhendingar á starfsstöð tilboðsgjafa og vera aðgengilegt á vefsíðu hans.

3. gr.

Innihald viðmiðunartilboðs.

Að lágmarki skal viðmiðunartilboð lýsa framboði og tilheyrandi skilyrðum, skilmálum og gjaldskrá fyrir netaðgang og þjónustu að því er varðar eftirfarandi liði:

1. Staðsetningu samtengingarpunkta. Listi yfir staði og stöðvar skal gerður í samræmi við 5. gr.
2. Eiginleika samtengipunkta. Lýsa skal í samræmi við 6. gr. þeim kostum sem standa til boða.
3. Samtengingarsambönd. Birta skal lista yfir mismunandi gerðir sambanda sem í boði eru, afhendingartíma og gæði sambanda eins og kveðið er á um í 7. gr.
4. Samtengingarþjónustu sem í boði er og skal að lágmarki vera sú þjónusta sem upp er talin í 8. gr.
5. Tækniröfur í samtengingarpunktum. Birta skal gildi þeirra breytistærða sem taldar eru upp í 9. gr.
6. Tegundir símtala sem völ er á og gæði þeirra. Framboðið skal eigi vera minna en sem samsvarar ákvæðum 10. gr.
7. Aðstoð við notendur. Telja skal upp þá þjónustu sem veitt er í talsímaþjónustu tilboðsgjafa í samræmi við 11. gr.
8. Viðbótarþjónustu. Í 12. gr. er gerð grein fyrir þjónustutegundum sem falla undir þennan lið.

9. Forval og fast forval. Lýsing á fyrirkomulagi þessarar þjónustu skal vera í samræmi við 13. gr.
10. Númeraflutning. Lýsa skal því hvaða númeraflutningur stendur til boða í samræmi við 14. gr.
11. Almenn skilyrði sem skulu talin upp í samræmi við 15. gr.

4. gr.

Sundurliðun framboðs.

Verð í viðmiðunartilboði skulu vera sundurliðuð eftir tegund samtengingar og eftir þjónustu í samræmi við sundurliðun 5.-15. gr. Fjarskiptafyrirtæki skulu eiga þess kost að semja um einstaka þætti viðmiðunartilboðsins. Óheimilt er að leggja fram viðmiðunartilboð í formi heildstæðs samtengingarsamnings.

Verð samkvæmt viðmiðunartilboði fjarskiptafyrirtækis sem fellur undir 2. gr. skulu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði viðkomandi nets eða þjónustu þ.m.t. hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds.

5. gr.

Staðsetning samtengingarpunkta.

Í viðmiðunartilboðinu á að vera listi yfir allar símstöðvar þar sem samtenging stendur til boða; staðbundnar stöðvar, tandem (ath. þýðingu) stöðvar og útländastöðvar, ásamt heimilisfangi þeirra og upplýsingum um númeraraðir sem uppsettar eru í hverri stöð. Listann skal endurnýja við allar breytingar á samtengingarmöguleikum. Taka skal fram hvort einhverjar takmarkanir eru á fjölda fjarskiptafyrirtækja sem geta tengst hverri stöð.

Heimilt er að skilgreina samtengingarsvæði í stað símastöðva. Í viðmiðunartilboðinu skal hvert samtengingarsvæði vera nákvæmlega afmarkað. Á hverju svæði skal vera a.m.k. ein staðbundin símstöð af annari tegund en útstöð.

Ef samtenging er ekki í boði í einhverri símstöð skal lýsa tilhögun annarra kosta. Sýndaraðgangur að slíkri símstöð skal vera boðinn á sömu kjörum eins og fjarskiptafyrirtæki hefði notið ef samtenging hefði verið möguleg í símstöðinni.

Kostur skal gefinn á samtengingu hvort sem er í húsnæði tilboðsgjafa eða í húsnæði fjarskiptafyrirtækis sem óskar eftir samtengingu. Þegar um er að ræða samtengingu milli landa skal gefinn kostur á samtengingarpunkti á heppilegum stað á leiðinni milli landa.

6. gr.

Eiginleikar samtengingarpunkta.

Lýsa skal eiginleikum nets tilboðsgjafans að því er viðkemur samtengingu, þ.m.t. tegund búnaðar, fjölda hvernar tegundar og staðsetningu í símstöð, skipulag símstöðvarkerfisins og möguleika á leiðavali í netinu frá samtengingarpunkti.

Allar breytingar á eiginleikum skv. 1. mgr. eftir útgáfu viðmiðunartilboðs skulu kynntar fyrirfram svo að þær raski ekki starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Ef lýsing á fyrirhuguðum breytingum er mjög umfangsmikil eða ef birting upplýsinganna getur haft áhrif á viðskiptahagsmuni eða þær geta flokkast sem trúnaðarmál getur verið nóg að birta tilvísun til þess hvar hægt er að nálgast þessar upplýsingar.

Tilboðsgjafa ber að greina frá öllum takmörkunum sem settar eru á samtengingarþjónustu og eiginleikum samtengipunkta.

7. gr. Samtengingarsambönd.

Upplýsa skal um mismunandi tegundir flutningsleiða sem til boða standa til þess að tengja saman aðskilin net. Fyrir hverja flutningsleið þarf að lýsa hvaða tækni er notuð við flutninginn og hver er bandbreidd leiðarinnar. Það ber að taka fram hvort flutningsleiðir verði einátta eða tviátta. Ef tilboðsgjafi gerir kröfur um lágmarksrásafjölda eða lágmarksflutningsgetu sambanda er nauðsynlegt að taka það fram í tilboðinu.

Verðskrá fyrir sambönd á að innihalda a.m.k. stofngjald og fastagjöld fyrir línur (eða rásir) og innganga á netum eða stöðvum. Þegar um tviátta sambönd er að ræða skal taka fram hver er kostnaðarskipting milli samtengingaraðila. Heimilt skal vera að nota sambönd í eigu annars hvors aðilans eða leigja af þriðja aðila.

Upplýsa skal um afhendingartíma frá því að fyrsta skriflega pöntun er gerð um samtengingu við net eða sírstöð og um afhendingartíma fyrir aukningu á flutningsgetu. Upplýsa skal um stysta samningstímabil sem hægt er að semja um.

Taka verður fram hvaða gæðakröfur hver tegund sambands uppfyllir, þ.m.t. hlutfall þess tíma sem sambandið er nothæft og viðbragðstíma þegar bilun verður á sambandi sem er látið í té af tilboðsgjafa. Gæðakröfurnar mega taka mið af reynslutölum tilboðsgjafa.

8. gr. Þjónusta í sambandi við samtengingu.

Að lágmarki skal bjóða eftirfarandi þjónustu:

Lúkningu símtala.

Tilurð símtala.

Viðkoma, þ.e. aðgangur að öðrum netum sem eru samtengd neti tilboðsgjafa.

Aðgangur að þjónustuveitendum sem rekstrarleyfishafinn hefur gert samning við um nettengingu.

Taka ber fram ef einhver mismunur er á þjónustu sem veitt er í mismunandi samtengingarpunktum sbr. 5. gr. og sömuleiðis ef gerður er greinarmunur á þjónustu sem boðin er netrekstraraðilum og talsímaþjónustuveitendum.

Samtenging með lúkningu símtala alls staðar á landinu skal alltaf standa til boða.

Lýsa skal gjaldtökuaðferðum fyrir þjónustu. Í því sambandi skal upplýsa um mælieiningar símtala, þ.e. hvort verð eru á mínútu eða sekúndu, um gjöld sem byggjast á flutningsgetu, umferð og fjarlægð og mismun í verði eftir tíma dags eða eftir dögum. Uppsetningargjald verður að réttlæta og eingöngu má beita því að það sé tekið í smásölu talsímaþjónustu tilboðsgjafa.

Tilboðsgjafi sem veitir leigulínuþjónustu skal bjóða samtengingu á línuhlutum bæði innanlands og til útlanda. Sambandið milli leigulínuhlutanna fellur undir ákvæði 3. gr.

9. gr.

Tækniröfur í samtengingarpunkti.

Lýsing á tæknieiginleikum í samtengingarpunktum á, auk þess að innihalda tilvísanir í viðkomandi tæknistaðla svo sem ETSI staðla og/eða tilmæli sem gefin eru út af Alþjóðafjarskiptasambandinu, ITU, að skilgreina samtengingarsniðið á eftirfarandi hátt:

- rafrænir og efnislegir sniðeiginleikar
- sendingareiginleikar
- merkjasendingar að meðtöldum innlendum frávikum frá merkjasendingarstaðli SS7 þegar þau standa til boða
- tilvísun til samtengingarþjónustu sem boðin er í samtengingarpunktinum
- tilvísun þegar það á við til möguleika hagnýtrar notkunar sem boðnir eru í samtengingarpunktinum.

Ekki má gjaldfæra fyrir merkjasendingu ofan á símtalagjöld.

10. gr.

Tegundir símtala og gæði þjónustu.

Möguleiki skal vera á eftirfarandi tegundum símtala:

- Símtöl í almenna talsímanetinu, innanlands og til og frá útlöndum
- Símtöl í samnetinu, innanlands og til og frá útlöndum

Uppýsingar á að veita um þjöppun ef hún er notuð í netum, bandbreidd í samnetsrásum og varaleiðir sem geta viðhaldið öryggi þjónustunnar.

Greina skal frá gæðum þjónustu sem boðin er og gæðakröfum sem gerðar eru í netinu svo sem hlutfall heppnaðra símtala.

11. gr.

Aðstoð við notendur.

Bjóða skal möguleika á aðstoð talsímavarðar (handvirk þjónusta), aðgang að neyðar- og öryggisþjónustu og upplýsingaþjónustu um símanúmer, innlendum og erlendum. Undir þetta fellur aðgangur talsímavarðar fjarskiptafyrirtækis að talsímaverði tilboðsgjafa og rauntímaaðgangur að gagnagrunni símaskrár tilboðsgjafans.

Í tilboðinu skal upplýsa um verðskilmála fyrir meðhöndlun neyðarsímtala um net tilboðsgjafa..

12. gr.
Viðbótarþjónusta.

Eftirfarandi þjónusta fellur undir þessa grein:

- Númerabirting og niðurfelling númerakennsla (CLIP/CLIR)
- Símtalsflutningur
- Merkjasetningar milli notenda (UU1)
- Símakort
- Aðgangur að sértalsímaþjónustu sem stendur til boða á neti tilboðsgjafa, t.d. aðgangur að 800 þjónustu og símatorgsþjónustu.

Upplýsingar sem þarf til að gera númerabirtingu mögulega skulu vera aðgengilegar samtengingaraðilum, þ.m.t. upplýsingar sem þarf til að fella niður númerabirtingu. Ef númerabirting er ekki möguleg frá öllum símsstöðvum skal þeirra getið sem ekki hafa slíkan möguleika og upplýst hvenær til stendur að bæta úr því.

Tilboðsgjafa ber að bjóða aðgang að allri þjónustu sem er nauðsynleg til þess að fjarskiptafyrirtæki geti boðið þjónustu í samkeppni við tilboðsgjafann og upplýsa um skilmála. Sömuleiðis ber tilboðsgjafanum að upplýsa um skilyrði fyrir því að veita notendum sem eru tengdir við tilboðsgjafann aðgang að sértalsímaþjónustu fjarskiptafyrirtækjanna.

13. gr.
Forval.

Forval skal vera í boði bæði með forskeyti sem valið er við hvert símtal og sem fast forval sem gerir notandanum kleift að sleppa forskeytinu og vera sjálfkrafa tengdur þjónustuveitanda þegar valin eru innlend og/eða útlend símtöl. Í föstu forvali skal bjóða framhjálaup sem gerir notandanum færi á að nota forskeyti til að fara fram hjá föstu forvali. Lýsa skal því hvernig fyrirkomulagi forvals og fasts forvals er háttað, þó er heimilt að í stað slíkrar lýsingar sé staðfest að fyrirkomulagið sé í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um forval og fast forval.

Staðfesta skal að þjónustugæði séu að lágmarki hin sömu og gilda fyrir smásöluþjónustu tilboðsgjafans.

14. gr.
Númeraflutningur.

Staðfesta skal að númeraflutningur milli fastra talsímaneta, milli landshluta og milli farsímaneta sé mögulegur í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um númeraflutning. Upplýsa ber með hvaða hætti númeraflutningur er framkvæmdur, t.d. með símtalsflutningi, innsetningu kóða eða í greindarneti.

15. gr.
Almenn skilyrði.

Upplýsa skal um almenn skilyrði og skilmála sem gilda sem hér segir:

1. Hvernig tilkynnt verður um breytingar á skilyrðum og skilmálum. Tilboðsgjafi á að tilkynna fyrirfram um fyrirhugaðar breytingar á skilyrðum og skilmálum. Sér í lagi á að koma fram í viðmiðunartilboðinu hvernig endurskoðun samtengingargjalda fer fram.
2. Aðferðir við prófun á samtengingu. Gera skal grein fyrir öllum stigum staðlaðar prófunar, þ.m.t. lengd prófunartíma sem verður að vera innan sanngjarna marka. Prófanir eiga að takmarkast við það að sannreyna heildstæði neta og samtengingarmöguleika og þjónustu sem gert er samkomulag um í samtengingarsamningi. Forðast skal að krefjast endurtekingu á prófunum.
3. Verklag þegar lagt er til að breyta netum eða þjónustuframboði einhvers aðila sem hlut á að máli, þ.m.t. þegar tilboðsgjafi hyggst breyta þjónustu sinni eða opna nýja. Þegar um er að ræða takmarkanir á aðgangi eða þjónustu skal staðfest að ekki verði gert upp á milli fjarskiptafyrirtækja og smásölu tilboðsgjafa. Þjóða skal þegar því verður við komið stýtt verklag þegar um endurskoðun er að ræða á samningi.
4. Samnýting aðstöðu. Lýsa ber þeirri aðstöðu sem í samræmi við lög um fjarskipti er boðin öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Undir slíka aðstöðu geta fallið samnýting stokka og röra, mastra og turna og húsnæðis. Um aðstöðu vegna heimtaugaleigu ber að fjalla í viðmiðunartilboði fyrir heimtaugaleigu.
5. Fjárhagslegir skilmálar fyrir breytingum á skiptibúnaði sjálfvirkra stöðva þegar þær eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að beina símtölum frá samtengdum aðila rétta leið. Hér á að koma fram kostnaður við slíkar breytingar og hversu lengi þær munu taka.
6. Skilyrði um framtíðaráætlanir. Taka skal fram hvaða skilmálar eru settir um stækkun neta og breytingar á tilhögun neta.
7. Skilmálar um reikningagerð og uppgjör. Hér skulu koma fram skilmálar um uppgjörseyðublöð, um kannanir á nákvæmni o.fl.
8. Kröfur ef einhverjar eru um sérstakan búnað eða hnútpunkta í netum.

16. gr.
Réttur til að breyta viðmiðunartilboði.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði enda sé slík krafa rökstudd t.d. með tilvísun í tilmæli ESB.

17. gr.
Viðurlög.

Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga um fjarskipti nr. 107/1999.


18. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 26. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/263
komudagur 28.11.2001

**SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA**

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Dagsetning

Samgöngunefnd Alþingis
hr. Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sam 411/2001 ÞS/SP

Reykjavík 26. nóvember 2001

**Umsögn um frumvarp til laga um
fjarskipti, 145. mál**


Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, hinn 22. nóvember, var m.a. lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. október, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjarskipti, 145. mál, jöfnunargjald, heimtaugar.

Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Þórour Skúlason framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/224
komudagur 23.11.2001



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SIMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 19. nóvember 2001.

Nefndarsvið Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn frumvarps um fjarskipti, 145. mál, jöfnunargjald, heimtaugar.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 15. nóvember s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 23. október 2001 ásamt frumvarpi til laga um fjarskipti, 145. mál, jöfnunargjald, heimtaugar.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórn S.S.S. gerir ekki athugasemd við frumvarpið”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 127/24
komudagur 5.11.2001



Reykjavík, 5. nóvember 2001

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Netfang: nefndasvið@althingi.is

Efni: Umsögn Tals h.f. um frumvarp til laga um breytingu á l. nr. 107/1999 um fjarskipti.

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Tals hf. um ofangreint frumvarp og fer umsögn félagsins hér á eftir:

Gerð er tillaga um breytingu á fjarskiptalögum varðandi eftirfarandi tvo þætti:

- a. Álagningu og innheimtu jöfnunargjalds;
- b. Aðgang að heimtaugum á kostnaðarverði.

Um a. Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjald skuli vera 0,12% af bókfærðri veltu og er þá átt við veltu af rekstri almennra fjarskiptaneta og / eða almennrar talsimþjónustu. Síðan segir að *gjaldhlutfallið* skuli endurskoðast árlega af Póst- og fjarskiptastofnun. Ohjákvæmilegt er að skilja hugtakið *gjaldhlutfall* og endurskoðunarheimildina þannig að átt sé við að heimilt sé að hækka eða lækka jöfnunargjaldið eftir þörfum og löggjafinn framselji það vald til Póst- og fjarskiptastofnunar. Slíkt skattlagningarvald verður ekki framselt til framkvæmdavaldsins skv. stjórnarskrá. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins í greinargerð er notað hugtakið *skatthlutfall* í sömu merkingu og *gjaldhlutfall*. Í síðustu málslið í síðustu málsgrein í athugasemdum við 1. gr. frv. segir að verði halli á rekstri jöfnunargjaldssjóðsins verði að draga úr alþjónustu eða samgönguráðherra að leggja til að lögum verði breytt til hækkunar á *gjaldstofni* jöfnunargjalds. Ákvæði frv. og þessi athugasemd í greinargerð verða ekki samþýdd og þarf að umorða frumvarpsgreinina þannig að skýrt sé hvað við sé átt með árlegri endurskoðun *gjaldhlutfalls*.

Ekki er að finna í frv. eða í 15 gr. fjarskiptalaga ákvæði um reikningshald fyrir jöfnunargjaldssjóð né endurskoðun reikninga sjóðsins og birtingu þeirra. Lagt er til að ákvæði þar um verði felld inn í frumvarpið.


Þá er lagt til að greiðendur jöfnunargjaldsins hafi aðgang að ákvörðunum um álagningu, innheimtu, reikningshald og ráðstöfun jöfnunarsjóðsins á sama hátt og gert er t.d. um flutningsjöfnunarsjóð olíuvara, sbr. l. nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, en skv. þeim lögum eiga greiðendur einn mann í þriggja manna stjórn.

Þar sem ófullnægjandi upplýsingar um framkvæmd jöfnunargjaldsmála fylgja frumvarpinu ritaði Tal h.f. bréf með beiðni um upplýsingar um framkvæmdina til Póst- og fjarskiptastofnunar og fékk svar um hæl. Svarið dags. 2. nóvember 2001 fylgir hér með til skýringar.

Tal hf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 570 6000
Fax 570 6001
www.tal.is

Um b. Með lögfestingu reglna um aðgang að heimtaugum á kostnaðarverði er verið að fullnægja skuldbindingum Íslands skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Mælt er fyrir um að rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fastlínunetum og talsímabjónustu birti viðmiðunartilboð um gjöld fyrir aðganginn og skulu slík tilboð taka mið af kostnaði þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Nauðsynlegt kann að vera að kveða á um í lögnum sjálfum hvenær slíkt viðmiðunartilboð skuli hafa borist Póst- og fjarskiptastofnun í síðasta lagi og hvenær stofnunin skuli í síðasta lagi hafa birt tilboðið og gert það almenningi kunnugt. Ástæða þessa er sú að sambærilegt ákvæði er að finna í 26. gr. fjarskiptalaga og fjallar það um viðmiðunartilboð á sviði samtenginga. Þrátt fyrir það ákvæði hefur enn ekki tekist að fá aðgang að slíku viðmiðunartilboði og virðist sá dráttur stafa annars vegar af því að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki næg úrræði til að þvinga leyfishafa til að skila slíkum tilboðum og hinsvegar vegna af því að stofnunin virðist ekki hafa næga aðstöðu til að fara yfir slík tilboð og taka afstöðu til þeirra, en til þess er nauðsynlegt að greina kostnað viðkomandi fyrirækja af allmikilli nákvæmni. Hin nýja tillaga gefur tilefni til að taka á þessum vanda og gera tillögur til lausnar á honum. Ef það er ekki kleift hefur það ekki mikla þýðingu að gera lagaáskilnað um viðmiðunartilboð, ef lagafyrirmælum verður ekki framfylgt.

Virðingarfyllst,



Þórólfur Arnason

- Fylgiskjöl:
1. Fyrirspurn Ragnars Aðalsteinssonar hrl. til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 1. nóv. 2001.
 2. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 2. nóv. 2001.

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ragnar Adalsteinsson, hæstaréttarlögmaður
Klapparstig 25-27,
101 Reykjavík

2001110012

221

2. nóvember 2001

Málefni: Jöfnunargjald.

Vísað er til bréfs yðar dags. 1. nóvember 2001 með fyrirspurn um jöfnunargjald skv. IV. kafla fjarskiptalaga. Svör við spurningum yðar eru sem hér segir:

1. Jöfnunargjald árið 2000.

Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti í nóvember 1999 eftir umsókn um framlag úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu. Ein umsókn barst, frá Neyðarlínunni hf., og hljóðaði umsóknin upp á 19 millj. kr. til þess að mæta halla á rekstri svörunarborðs fyrir símtöl í númerið 112. Póst- og fjarskiptastofnun áætlaði veltu fjarskiptafyrirtækja sem leyfi hafa hjá stofnuninni og út frá því var lagt til við samgönguráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp um jöfnunargjald á árinu 2000 sem næmi 0,18% af bókfærðri veltu. Alþingi samþykkti frumvarpið ekki fyrr en í byrjun júní 2000 og kom upp í því sambandi vandamál vegna þess að lögin geta ekki verið afturvirk og þess vegna var einungis hægt að innheimta hjá fjarskiptafyrirtækjum á scinni hluta ársins. Ríkissjóður bráði bilið með því að afla heimildar til að greiða helming gjaldsins. Tollstjóri annast innheimtu jöfnunargjaldsins og samkvæmt Ríkisbókhaldi nam álagning 13,9 millj. kr. Póst- og fjarskiptastofnun fær ekki sundurliðun á greiðendum en rétt er að geta þess að ríkisskattstjóra var sendur listi yfir rekstrarleyfishafa til þess að innheimta gæti farið fram. Póst- og fjarskiptastofnun greiddi Neyðarlínunni 10 millj. kr. úr jöfnunarsjóði í desember 2000.

2. Jöfnunargjald árið 2001.

Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti í október 2000 eftir framlögum úr jöfnunarsjóði. Neyðarlínan hf. sendi umsókn um 20,5 millj. kr. til þess að mæta halla á rekstri svörunarborðs fyrir símanúmerið 112. Póst- og fjarskiptastofnun áætlaði að velta fjarskiptafyrirtækja á árinu 2001 mundi verða 20 milljarðir kr. Samkvæmt því mundi nauðsynleg álagsprósenta verða rúmlega 0,1% en til þess að mæta vanböldum var talan hækkuð í 0,12%. Frumvarp vegna þessa var lagt fyrir Alþingi og samþykkt 20. desember 2000. Tollstjóri ákvað í byrjun desember 2000 um fyrirframgreiðslu jöfnunargjalds á árinu 2001 á grundvelli álagningar ársins 2000 en endanleg álagning átti sér stað á seinni hluta þessa árs. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki fengið upplýst enn um niðurstöðu álagningar. Á þessu ári hefur stofnunin greitt Neyðarlínunni hf. samkvæmt mánaðarlegum reikningum sem miðast við samþykka áætlun og munu samtals nema 20,5 millj. kr. fyrir allt árið.

- 2 Mott/Se 2001 2. nóv 01

Skjaln.

Skjalaf.

Afrit til

Send.mati

Send.mati



Spurt er eun fremur i hvaða skyni fjárframlög hafa verið veitt og á hvaða reiknings- eða kostnaðargrundvelli. Eins og fram kemur hér að ofan hafa jöfnunarframlög verið greidd Neyðarlínunni hf. Þau eru til að standa undir halla á rekstri símaborðs fyrir simtöl sem hringd eru í neyðarnúmerið 112 en skv. lögum er Neyðarlínunni hf. falinn rekstur svarþjónustu í 112. Neyðarlínan hefur undanfarin ár sent Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um framlag sem miðast við áætlun fyrirtækisins fyrir komandi ár. Áætlunin miðast eingöngu við þann hluta reksturs Neyðarlínunnar sem tengist svörun í 112 en kostnaður við að kalla út neyðar- og björgunaraðila fellur ekki hér undir né önnur starfsemi. Til staðfestingar því að rétt sé greint á milli hefur Póst- og fjarskiptastofnun óskað eftir staðfestingu endurskoðanda Neyðarlínunnar hf. á áætluninni. Sömuleiðis krefst stofnunin þess að aðskildur ársreikningur sé gerður fyrir alþjónustustarfseminna og staðfestur af endurskoðanda. Fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar hafa farið nokkrum sinnum í heimsókn til Neyðarlínunnar hf. til þess að skoða þá starfsemi sem þar fer fram.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur í dag óskað eftir upplýsingum um heildarálagningu og innheimtu jöfnunargjalds árin 2000 og 2001 og mun senda þær áfram ef þær berast fyrir 6. nóvember 2001. Það er hins vegar upplýst af hálfu skattstjóra að ekki verði upplýst um greiðslur einstakra aðila.

Virðingarfyllst,

Guðstav Arnar

Hr. Gústav Arnar
Póst- og fjarskiptastofnun
Smiðjuvegi 68-70

200 KÓPAVOGUR

Fax nr. 510 1509

1. nóvember 2001

Efni: Jöfnunargjald skv. IV. kafla fjarskiptalaga

Ég fer þess vinsamlegast á leit að þér látið mér í té upplýsingar um innheimtu og ráðstöfun á jöfnunargjaldi árið 2000 og f.hl. árs 2001. Jafnframt óska ég efir að fram komi hverjir hafa greitt eða verið krafðir um greiðslu jöfnunargjalds og hversu hátt gjald hver og einn hefur greitt. Ennfremur hverjir hafi sótt um fjárframlög og í hvaða skyni og hverjir hafi fengið úthlutun og hverjir ekki. Þá er óskað eftir upplýsingum í hvaða skyni fjárframlög hafa verið veitt og á hvaða reiknigrundvelli eða kostnaðargrundvelli.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn umbj.m. Tals h.f. um frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum m.a. á ákvæðum um jöfnunargjald og að mínu áliti er óhjákvæmilegt að fyrir liggi þessar upplýsingar er umsögnin verður send Alþingi. Umbj.m. hefur frest til 5. nóvember til að skila umsögninni og ég mæti það mikils ef unnt væri að senda mér upplýsingarnar í tæka tíð.

Virðingarfyllt

Ragnar Aðalsteinsson